

## FUNDARGERÐ

Árið 2016, fimmtudaginn 11. febrúar kl. 13:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Tómothúsi á 4. hæð í innanríkisráðuneytinu, Sölvhóls götu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Ólafur Þór Ólafsson í forföllum Ásgerðar Gylfadóttur, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson, sem var í símasambandi, ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Guðna Geir Einarssyni og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð.

Stefanía Traustadóttir stjórnarmaður hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga sat einnig fundinn undir liðnum Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir 9., 11. og 21. desember 2015 og 22. janúar 2016

Lagðar fram fundargerðir frá 9., 11. og 21. desember 2015 og 22. janúar 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerðirnar samþykktar án athugasemda og undirritaðar.*

### 2. Sameining sveitarfélaga

Fundarliður féll niður þar sem umbeðin greinargerð frá Húnavatnshreppi vegna framkvæmda við Húnavallaskóla og sundlaug barst ekki í tæka tíð.

### 3. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Lagt var fram svarbréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 9. febrúar sl. við erindi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 27. janúar sl. Í erindinu var óskað eftir umsögn nefndarinnar á beiðni Reykjanesbæjar frá 23. desember 2015 um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kæmi að kostnaði vegna vinnu tilgreindra sérfræðinga við fjárhagslega úttekt á rekstri sveitarfélagsins. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga mælti með þátttöku Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í ljósi þess að skuldaviðmið Reykjanesbæjar væru nokkuð umfram fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga.

*Eftir nokkra umræðu samþykkti ráðgjafarnefndin 20 m.kr. þátttöku í kostnaði Reykjanesbæjar vegna úttektar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sbr. b. lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010. Samhliða óskaði nefndin eftir sérstakri bókun með erindinu þess efnis að ekki væri hér með um fordæmisgefandi afgreiðslu að ræða en sérstakar aðstæður hjá sveitarfélaginu hefðu kallað á þátttöku sjóðsins. Nefndin telur nauðsynlegt að settar verði skýrar verklagsreglur varðandi 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010 þar sem m.a. kæmi fram að umsóknir sveitarfélaga bærust sjóðnum áður en verkefni færu af stað en ekki eftirá.*

### 4. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum

Lögð voru fram til kynningar drög að nýrri reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum ásamt drögum að samningi við Matvælastofnun en stofnunin tók við umsjón vatnsveitustyrkja af Bændasamtökum Íslands þann 1. janúar sl.

### 5. Framlög vegna sérstakra verkefna

Lögð var fram umsögn Sambands íslenskra sveitafélaga dags. 9. febrúar sl. um mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að tilraunaverkefni um rafrænar kosningar frá

ráðgjafarnefnd um rafrænar kosningar ásamt minnisblaði Þjóðskrár Íslands dags. 10. desember 2015 um kostnað við rafrænar íbúakosningar. Í umsögn Sambandsins kemur m.a. fram að verkefnið sé í takti við stefnumörkun þess um íbúakosningar og þátttökulýðræði og sé Sambandið þannig fylgjandi því að Jöfnunarsjóður greiði framlag til verkefnisins á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010. Komi hins vegar ekkert framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga yrði tilraunaverkefninu sjálfhætt.

*Nefndin ræddi málin mjög ítarlega og var ýmsum sjónarmiðum og spurningum velt upp. Ítrekaði nefndin aftur nauðsyn þess að settar yrðu skýrar vinnureglur sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010. Í vinnureglunum mætti annars vegar vera búið að marka hverju verkefni ákveðinn fjármagnsrámi og hins vegar vera gerð sú krafa að umsóknaraðilar sýni fram á notagildi verkefnis fyrir önnur sveitarfélög. Nefndin óskaði eftir samantekt á því til hvaða sérstakra verkefna sjóðurinn hefur greitt framlög í gegnum tíðina undir f. lið 7. gr. og 11. gr. umræddrar reglugerðar.*

*Nefndin lagði til að málinu yrði frestað til næsta fundar. Ákveðið að boða aðila úr ráðgjafarnefnd um rafrænar kosningar á fund nefndarinnar til að óska eftir frekari svörum vegna verkefnisins. Jafnframt var lagt til að starfsmaður sjóðsins setji upp tillögu að vinnureglum.*

*Ákveðið var að fresta enn um sinn afgreiðslu á erindi Vesturbyggðar dags. 10. desember 2015 um framlag vegna tilraunaverkefnis á sviði rafrænnar stjórnsýslu. Einnig var ákveðið að fresta afgreiðslu á erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 12. janúar 2016 um framlag vegna þátttöku Sambandsins í úttekt Evrópumíðstöðvar á menntastefnu með vísan í frekari sköðun nefndarinnar á f. lið 7. gr. og 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010.*

## **6. Efling tónlistarfræðslu**

Lögð var fram tillaga borgarráðs merkt R15050134 um ráðstöfun viðbótarframlags Jöfnunarsjóðs og borgarsjóðs vegna vanda tónlistarskólanna í Reykjavík.

*Í máli fulltrúa Reykjavíkurborgar, sem gera átti tillögu að skiptingu 60 m.kr. framlagsins til tónlistarskóla borgarinnar sem safnað hafa skuldum umfram ramma Jöfnunarsjóðs, kom fram að um leið og gögn er varða fjölda nemenda eftir tegund náms og fjölda kennslustunda liggja fyrir verði hægt að ganga frá tillögunni um skiptingu framlagsins í samráði við menntamálaráðuneytið.*

Lögð voru fram til kynningar drög að samkomulagi á milli annars vegar ríkisins og hins vegar á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms dags. 6. febrúar 2016.

## **YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS**

### **7. Rekstrarráðgjöf – Beiðni um framlag**

Lögð var fram rekstrarleg úttekt R3-Ráðgjafar ehf. um rekstur og mögulegar umbótaaðgerðir byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks frá janúar 2016 sem ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs á fundi sínum 22. janúar sl. setti sem skilyrði fyrir afgreiðslu framlags til byggðasamlags Vestfjarða vegna erfiðrar fjárhagslegrar stöðu svæðisins.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði við rekstrarráðgjöf byggðasamlags Vestfjarða með úthlutun framlags að upphæð 1.820.000 kr.*

## 8. Reglugerð ársins 2016

Lögð var fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 1. febrúar 2016 vegna reglugerðardragna um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti reglugerðardrögin um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.*

## 9. Undirbúningur reglna vegna framlaga 2017

Í bréfi undir lið 8 komu einnig fram áhersluatriði Sambandsins vegna reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2017.

*Nefndin ræddi þau atriði sérstaklega. Nefndin var sammála um að vera fyrir á ferðinni með reglugerðina vegna ársins 2017.*

## 10. Innheimtustofnun sveitarfélaga

Stefanía Traustadóttir stjórnarmaður hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga var boðuð á fund ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að fjalla m.a. um ýmsar tölulegar upplýsingar er varða Innheimtustofnun sveitarfélaga en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir stofnuninni framlag sbr. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971 með síðari breytingum.

Í umfjölluninni var farið í grófum dráttum yfir lagaramma, hlutverk og starfsemi Innheimtustofnunarinnar og hvernig innheimtar meðlagsskuldir hafa áhrif á framlag Jöfnunarsjóðs til stofnunarinnar. Bent var á nokkur atriði sem geta haft áhrif á versnandi innheimtu stofnunarinnar eins og gjaldþrotalögin og aukin verktakavinna.

*Nefndin lagði til bókun að erindi færi til stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga þess efnis að stofnunin skoðaði innheimtumál sín frekar í samstarfi við skattheimtu ríkisins.*

## 11. Sérstakt framlag vegna bankaskatts

Lagt var fram álit Sóknar Lögmannsstofu dags. 19. janúar sl. sem unnið var fyrir Borgarbyggð á réttarstöðu Borgarbyggðar með hliðsjón af frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 263. þingmál Alþingis 2015/2016. Að auki var lagt fram bréf sömu lögmannsstofu dags. 1. febrúar sl. vegna réttar Borgarbyggðar til framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi.

*Nefndarmenn ræddu mjög útarlega álit lögmannsstofunnar og sjónarmið Borgarbyggðar varðandi túlkun lagabókstafa og aðferðarfræði við skiptingu bankaskattsins. Nefndin var sammála um það að ákvörðunin í þessu máli lægi í höndum ráðherrans og því væri réttast að beina umræddum erindum í þann farveg með því að leita eftir áliti lögfræðings ráðuneytisins í þessum málum varðandi svör til málsaðila. Starfsmanni falið að svara erindi lögmannsstofunnar dags. 1. febrúar sl.*

## 12. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar var ákveðinn föstudaginn 18. mars nk. kl. 14:00. Fyrir fundinn eða kl. 11:30 verður fráfarandi forstöðumaður sjóðsins sóttur heim.

Annar fundur nefndarinnar skráður föstudaginn 15. apríl nk. kl. 12:00.

Fundi var slitið kl. 16:30.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Bjarni Jónsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson